



Jöfnun lífeyrisréttinda verkafólks?

10. þing Starfsgreinasambands Íslands

9. nóvember 2025

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri



1. Framlag til jöfnunar á örorkubyrði
2. Víxlverkunarákvæði
3. Tilgreind séreign



Framlag til jöfnunar á örorkubyrði

Hvað er örorkubyrði?




- Skv. lögum um lífeyrissjóði á iðgjald í lífeyrissjóði að tryggja sjóðfélaga rétt til ellilífeyris, **örorkulífeyris** og maka- og barnalífeyris
 - „Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir **orkutapi** sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir **tekjuskerðingu af völdum orkutapsins**.“
- Slysátíðni er mjög ólík milli starfsstétta, sum störf eru einfaldlega hættulegri en önnur ef horft er til slysátíðni eða brotthvarfs af vinnumarkaði af starfstengdum ástæðum
- Þær starfsstéttir sem greiða til Stapa eru útsettari fyrir örorku
- Þetta þýðir að við þurfum að verja **stærri hluta iðgjaldsins til þess að greiða örorkulífeyri** heldur en meðalsjóðurinn
 - Þá verður minna eftir til að greiða eftirlaun
- **Örorkubyrði okkar er því hærri en meðalsjóðsins**




Nokkrir ASÍ sjóðir greiða hæsta hlutfall örorkulífeyris

Hlutfall örorkulífeyris af greiddum lífeyri 2024



Framlag til jöfnunar á örorkubyrði

- Til að jafna þennan mun milli sjóða fá lífeyrissjóðir úthlutað svokallað framlag til jöfnunar á örorkubyrði
- Upphaflega fengu aðeins ASÍ sjóðir úthlutaðu framlagi en síðar náði það yfir alla lífeyrissjóði
- Fyrir sjóði á borð við Stapa gegnir jöfnunarframlagið lykilhlutverki við að jafna réttindaávinnslu milli ólíkra lífeyrissjóða
- Nýtt bráðabirgðaákvæði laga gerir ráð fyrir 40% lægra hlutfalli jöfnunarframlags af gjaldstofni tryggingargjalds
- Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir brotthvarfi framlagsins á árinu 2026



* Áætlun Stapa út frá fyrirbyggjandi bráðabirgðalögum

** Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir brotthvarfi framlagsins 2026


Af hverju er gert ráð fyrir að fella framlagið niður?

- Kostnaður ríkissjóðs við breytingar á örorkuhluta almannatrygginga sem tóku gildi 1. september 2025 er áætlaður 18,1 ma.kr.
- Svo virðist sem að fjármagna eigi hluta þess kostnaðar með því að fella niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
 - Framlagið var 7,2 ma.kr. vegna ársins 2024
- **Breytingar á örorkuhluta almannatrygginga breyta í engu ólíkri örorkutíðni meðal lífeyrissjóða!**
- Geta lífeyrissjóða verkafólks til að greiða eftirlaun minnkar við niðurfellingu framlagsins
- **Því má segja að breytingar á örorkuhluta almannatrygginga verði fjármagnaðar með réttindum verkafólks**


Hver eru áætluð áhrif jöfnunarframlagsins?

25 ára aðili sem byrjar að greiða af 500 þ.kr. mánaðarlaunum í dag til 67 ára aldurs

Eftirlaun skv. réttindatöflum



Með áætluðum áhrifum
jöfnunarframlags*





Víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna
almannatrygginga og lífeyrissjóða

- Skv. lögum um lífeyrissjóði á iðgjald í lífeyrissjóði að tryggja sjóðfélaga rétt til ellilífeyris, **örorkulífeyris** og maka- og barnalífeyris
 - „Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir **orkutapi** sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir **tekjuskerðingu af völdum orkutapsins**.“
- Til að meta hvort örorkulífeyrisþegi hafi orðið fyrir tekjutapi framkvæma lífeyrissjóðir svokallaðar **tekjuathuganir**
 - Tekjuskerðing af völdum orkutapsins metin með því að bera tekjur sem viðkomandi hafði fyrir orkutap við tekjur eftir orkutap
 - Mismunurinn er svokallað lífeyrisþak örorkulífeyrisþega, þ.e. **hámarkslífeyrir sem sjóðirnir mega greiða**
- Þetta getur t.d. þýtt að hækkanir á greiðslum til örorkulífeyrisþega frá TR getur lækkað örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum
 - Þetta getur orsakað **víxlverkun** þar sem greiðslur TR og lífeyrissjóða breytast á víxl
- Ríkissjóður vildi ekki að almennar hækkanir greiðslna frá TR yrðu til þess að greiðslur frá lífeyrissjóðum mundu lækka
 - Því hefur frá árinu 2011 verið framlengt svokallað **víxlverkunarákvæði sem bannar lífeyrissjóðum að horfa til almennra hækkana greiðslna frá TR við mat á tekjutapi**


Hver eru áhrifin af víxlverkunarákvæðinu á Stapa?

- Upphaflega átti víxlverkunarákvæðið að gilda í þrjú ár meðan unnið yrði að varanlegri lausn
 - Því hefur hins vegar verið framlengt sl. 15 ár án þess að lausn finnist (var leitað?)
- Ákvæðið hefur því haft veruleg áhrif á möguleika lífeyrissjóða til að takmarka lífeyri við raunverulegt tekjutap
- Stapi greiddi í apríl á þessu ári 30 m.kr. hærri mánaðarlegan örorkulífeyri en samþykktir sjóðsins kveða á um vegna bráðabirgðarákvæðis um víxlverkanir, eða sem nemur **360 m.kr. á ársgrundvelli**
- Örorkulífeyrisgreiðslur sjóðsins voru þannig **16% hærri** í apríl sl. vegna bráðabirgðaákvæðisins heldur en samþykktir sjóðsins kveða á um

En af hverju heldur þetta ekki bara áfram?

- Grundvallarbreytingar á almannatryggingakerfinu tóku gildi **1. september** sem gerði að verkum að ekki var lengur hægt að mæla „almennar hækkanir“ líkt og víxlverkunarákvæðið
 - Fyrirkomulaginu var því sjálfhætt
- Félagsmálaráðherra vildi ekki að hækkun greiðslna almannatrygginga til öryrkja mundi **enda í „vasa lífeyrissjóða“** og lagði fram frumvarp sem hreinlega bannaði lífeyrissjóðum að horfa til slíkra tekna við mat á tekjutapi
 - Til allrar lukku náði frumvarpið ekki fram að ganga og er ekki á þingmálaskrá nýsetts þings

Líkleg áhrif af frumvarpi félagsmálaráðherra



- Ríkissjóður hefur sett núverandi fyrirkomulag sem var **ætlað að skapa jafnvægi í uppnám:**
 - Fyrirhuguð niðurfelling á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði
 - Lagafrumvarp um bann við því að lífeyrissjóðir líti til tekna frá almannatryggingum við mat á tekjutapi öryrkja (sem var þó ekki afgreitt)
- Þessar ráðstafanir hafa vakið upp núning milli almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins og **rofið sátt** um samspil þeirra
- Sjóðfélagar fá **misgóð réttindi** eftir því í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða, sérstaklega ef framlag til jöfnunar á örorkubyrði verður lagt af
- Aðgerðir ríkissjóðs munu að óbreyttu **auka á ójöfnuð milli lífeyrissjóða** og leggja auknar skuldbindingar á sömu sjóði með örorkulífeyrisgreiðslum umfram það sem samþykktir kveða á um
- **Sú staða sem hefur verið sköpuð knýr á um að fundin verði langtímalausn**



... tryggja að framlag til jöfnunar á örorkubyrði verði greitt meðan endurskoðun fer fram



... ýta á móti tilraunum ríkisins að þvinga lífeyrissjóði til að greiða enn hærri örorkulífeyri umfram skyldu samkvæmt lögum og samþykktum



Tryggingamiðlarar og tilgreind séreign

- Tilgreind séreign á rætur að rekja til **kjarasamninga frá árinu 2016** þegar iðgjald í lífeyrissjóð á almennum markaði var hækkað úr 12% í 15,5%
- Eftir það var heimilt að ráðstafa allt að **3,5% af iðgjaldi**, sem nam hækkuninni úr 12% í 15,5%, í tilgreinda séreign sem skyldi greiðast út á 5 ára tímabili frá 62 ára aldri
- Samkvæmt upphaflegum hugmyndum skyldi þessi nýja séreign ávöxtuð hjá viðkomandi skyldulífeyrissjóði sem síðar var **hafnað af fjármálaeftirlitinu – nú má flytja tilgreinda séreign til vörsluaðila að vali sjóðfélaga**

Deild	Iðgjöld launþega sem hlutfall af launum			Ávinningur	Erfist	Úttekt
Samtrygging	4%	8%	3,5%	Ævilöng eftirlaun Áfallalífeyrir (örorku-, maka- og barnalífeyrir)	✗	Frá 60 ára
Tilgreind séreign			0-3,5%*	Sjóður	✓	Frá 62 ára
Séreign	2-4%	2%		Sjóður Skattfrjáls ráðstöfun til kaupa á fyrstu íbúð eða inn á íbúðalán	✓	Frá 60 ára

Upphaflegt markmið tilgreindrar séreignar

Í 3. gr. kjarasamnings ASÍ og SA fá árinu 2016 er fjallað um fjallað um það sem við í dag þekkjum sem tilgreinda séreign:

„Réttindaávinnsla mun aukast um 36% og einstaklingur sem greiðir í lífeyrissjóð skv. þessu alla starfsævina getur vænst þess að fá um 76% af meðaltali ævitekna úr lífeyrissjóði í stað 56% áður. Örorkubætur og Barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli.


*Tryggt verður að einstaklingur geti valið að verja að hluta eða að fullu af hækkun iðgjaldsins í bundna [tilgreinda] séreign. Mikilvægt er að **undirbúa þetta val vandlega** og auðvelda einstaklingum að taka **upplýsta ákvörðun** því ef hluta iðgjalds verður ráðstafað í séreign munu greiðslur úr samtryggingu hækka hlutfallslega minna sem því nemur.*„




Tilgreind séreign hjá Stapa

Meirihluta iðgjalda vísað til erlendra vörsluaðila


Iðgjöld tilgreindrar séreignar Stapa



Fjöldi virkra samninga um tilgreinda séreign



Aldursskipting sjóðfélaga með tilgreinda séreign




Hver eru áhrif þess að greiða í tilgreinda séreign á örorkulífeyri?

25 ára aðili sem byrjar að greiða af 500 þ.kr. mánaðarlaunum í dag en er úrskurðaður öryrki 35 ára

Örorkulífeyrir og tilgreind séreign

■ Mánaðargreiðslur ■ Tilgreind séreign til 67 ára aldurs



PISTLAR 31. ágúst 2025 13:18

Gunnar Baldvinsson / framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins

Enginn sparnaður fyrstu 12 mánuðina

Dæmi er um að rúmlega ein mánaðarlaun séu greidd í upphafskostnað hjá þýsku lífeyristryggingafélagi.



Ljósmynd: BIG

É g fékk nýlega sent afrit af samningi sem 26 ára kona hafði gert við þýskt lífeyristryggingafélag með milligöngu tryggingaráðgjafa. Samkvæmt samningnum skal greiða séreignarsparnað hennar til hins þýska lífeyristryggingafélags. Samningurinn ásamt fylgiskjölum er samtals 80 blaðsíður að lengd og er á þýsku. Með honum fylgdi íslensk þýðing á hluta samningsins alls 12 blaðsíður. Á forsíðu íslenska skjalsins kemur fram að þýðingin sé ætluð til upplýsinga og gagnsæis. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar gildir þýski textinn.

Allir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar eru skuldbundnir til að birta stöðluð lykilupplýsingaskjöl um afurðir sínar. Skjölin gera einstaklingum kleift að bera saman áhættu, kostnað og mögulega ávöxtun mismunandi ávöxtunarleiða. Í tilviki konunnar hafði hún valið ávöxtunarleið sem fjárfestir í sex erlendum sjóðum. Í skjalapakkanum hennar eru sex lykilupplýsingaskjöl á þýsku, hvert um sig 3 blaðsíður. Til að meta kostnað, áhættu og mögulega ávöxtun verður hún að lesa lykilupplýsingaskjölin og vega saman.


Hér eru nokkur atriði úr samningnum:


- **Langur samningstími.** Samkvæmt samningnum skal konan leggja fyrir 33 þús.kr. (um 230 evrur) á mánuði frá 1. september 2025 til 31. mars 2066 eða 40,6 ár.
- Heildarsamningsfjárhæðin er 16,1 m.kr. (33 þús.kr. x 12 mánuði x 40,5 ár).
- Af því greiðir hún 2,5% í sölu- og samningsgerðarkostnað eða samtals 402.474 kr. eða um ein mánaðarlaun (106% af ráðstöfunartekjum). Þessi kostnaður er innheimtur fyrirfram og dreginn af sparnaði (iðgjaldi) og því myndast engin sparnaður fyrstu 12,2 mánuði sparnaðartímans.
- Til viðbótar greiðir konan 6% af hverri greiðslu (iðgjaldi) og eina evru í annan stjórnunar- og rekstrarkostnað. Það þýðir í þessu tilviki að hún greiðir 2 þús.kr. af hverjum 33 þús.kr. í kostnað eða 6,5%. Til að vinna upp þennan kostnað þyrfti árleg umframávöxtun (ávöxtun umfram hóflegaávöxtun í lykilupplýsingaskjölum) að vera 1,3% í 10 ár, 0,6% í 20 ár, 0,4% í 30 ár eða 0,3% í 40 ár.
- Konan greiðir 1,15% á ári af inneign í eignastýringarkostnað (veginna kostnaður í undirliggjandi sjóðum). Sá kostnaður dregst frá árlegriávöxtun.
- Í lykilupplýsingablöðum kemur fram að það getur verið mjög dýrt að hætta að greiða iðgjöld, sérstaklega fyrstu árin þar sem stór hluti sparnaðar getur farið í kostnað. Þar kemur fram að kostnaðurinn verður 46% ef réttthafi innleysir eftir 1 ár (væntanlega eftir að sparnaður byrjar að myndast eða þegar upphafskostnaður er að fullu greiddur) og 2,1% á ári ef réttthafi innleysir eftir 20 ár.

Konan sagðist ekki hafa verið upplýst um kostnaðinn við samninginn og vissi til dæmis ekki af því að hún þarf að greiða rúmlega ein mánaðarlaun í upphafskostnað. Hún vissi ekki heldur að ef hún skiptir um vinnu og þarf að greiða í annan lífeyrissjóð getur hún ekki staðið við samninginn og gæti tapað stórum hluta sparnaðarins. Sem betur fer hringdi hún í vin áður en greiðslur samkvæmt samningnum hófust og fylgdi ráðleggingu hans um að segja samningnum upp á svonefndum iðrunartíma (samkvæmt orðalagi í íslenskri þýðingu á þýska samningnum).

Ég hef áður bent á að íslenskir launþegar eiga kost á betri leiðum hjá innlendum séreignarsjóðum þegar kemur að ávöxtun séreignarsparnaðar. Þar er enginn upphafskostnaður og ekki dreginn kostnaður af hverju greiddu iðgjaldi. Árlegur eignastýringarkostnaður er lægri en í þessu dæmi og sjóðfélagar geta hvenær sem er hætt að spara án kostnaðar eða flutt sig til annars vörsluaðila. Upplýsingagjöfin er einnig skýrari og lykilupplýsingablað á íslensku er aðgengilegt fyrir hverja ávöxtunarleið.

Samningar og innheimta tilgreindrar séreignar





Erlendur vörsluaðili

Við viljum byrja á því að þakka þér fyrir að treysta Allianz fyrir þínum lífeyrissparnaði.

Samningslok á samningi þínum um Viðbótarlífeyri Allianz eru **31.3.2025**.

En áður en að samningslokum kemur þarf að velja á milli útborgunarleiða sem eru eftirfarandi:

Allianz greiðir beint til þín og tekjuskattur dregin strax af upphæðinni.

Gera samning um viðbótarlífeyri hjá öðrum vörsluaðila (banka, lífeyrissjóði) og flytja inneign þangað. Í því tilviki drögum við ekki tekjuskatt af upphæðinni heldur er hann greiddur jafnóðum og þú tekur út frá hinum vörsluaðilanum.

Við eru reiðubúin að aðstoða þig við að finna út hvaða leið hentar þér best.

Við vekjum athygli á því að hægt er að nálgast frekar upplýsingar um þína tryggingu og stöðu hennar á mínum síðum á www.allianz.is.

Íslenskur lífeyrissjóður

Með bestu kveðju
Starfsfólk Allianz




Er löglegt að verja iðgjaldi í kostnað?

- Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga 129/1997 skal verja iðgjaldi eða iðgjaldshluta, sem launamenn hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir, til [öflunar lífeyrisréttinda í séreign eða sameign](#)
- Afdráttarlaust orðalag ákvæðisins bendir til þess að óheimilt sé að ráðstafa lífeyrisiðgjaldi eða hlutum þess til annarra þátta eins og þóknana eða annars ótilgreinds kostnaðar
- Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 18. desember 2009, þar sem reyndi á túlkun ákvæðisins tók ráðuneytið undir túlkun FME. Í bréfinu segir orðrétt:

*„...að iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt samningi um séreignarsparnað skuli einungis verja til öflunar lífeyrisréttinda. Ekki er að finna nein frávik frá þeirri reglu í lögnum. **Reglur eða samningsskilmálar sem kveða á um að iðgjaldi sé ráðstafað með öðrum hætti ganga því gegn umræddu ákvæði að mati ráðuneytisins.**“*



Með tilkomu innlendra söluaðila erlends viðbótarlífeyrissparnaðar er kominn nýr kostnaðarsamur milliliður inn í rótgróið sparnaðarform Íslendinga



Fyrirkomulag sparnaðarins er tryggingasamningur sem er í eðli sínu flókinn og framandi íslenskum neytendum og frábrugðinn hefðbundnum viðbótarlífeyrissparnaði
Ólíklegt að markmið kjarasamninga um “upplýsta ákvörðun” náist



Innlendir söluaðilar virðast hafa fundið leið til að selja erlenda vöru fyrir háar sölupóknanir með því að nýta innviði íslenska lífeyriskerfisins

Hvað er mögulegt að gera til að bæta ástandið?



Bann við beinni markaðssetningu og fjarsölu án fyrirfram beiðni neytenda



Setja reglur um staðlaða framsetningu á árlegri hlutfallstölu kostnaðar til að auðvelda samanburð



Gera breytingar á kjarasamningum sem breyta eðli tilgreindrar séreignar



Aukin markaðssetning lífeyrissjóða á tilgreindri séreign



Takk fyrir